




# Háteigur



11. árgangur 2. tbl.

15. febrúar 2007

## STARFSDAGUR – VETRARFRÍ - VETRARFRÍ

<http://www.hateigsskoli.is>

### Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Það er ótrúlegt en satt að nú þegar þið fáid fréttabréfið í hendurnar eru liðnar 7 vikur af þessu ári. Í næstu viku eiga nemendur þriggja daga leyfi. Fyrsti dagurinn er starfsdagur kennara sem er nýttur sem skipulags og námskeiðsdagur. Síðan tekur við tveggja daga vetrarfrí. Ég hvet alla til að nýta sér vetrarfríið til hvíldar og endurnýjunar. Við erum rétt að komast út úr myrkri vetrarins og því gott að horfa til himins og allt um kring, anda að sér ferska loftinu og hleypa birtunni inn í sálina. Þannig fyllumst við jákvæðum krafti fyrir verkefni framundan. Með nokkrum rétti má segja að könnunin á viðhorfi foreldra sem við gerðum í lok janúar sé hluti af þeirri birtu og gleði sem fylgir hækkandi sól. Við gerðum tilraun með rafræna könnun á viðhorfi foreldra sem gekk tæknilega mjög vel en nokkur minniháttar mistök urðu í uppsetningu sem við lærum af. Það voru um 60% foreldra sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni á móti um 70% undanfarin ár. Teljum við að það stafi af því að fólk hafi ekki áttað sig á því að könnunina þurfti að gera í skólanum strax eftir foreldraviðtalið. Könnun af þessu tagi er mjög mikilvæg fyrir skólastarfið þar sem foreldrar fá þarna tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Skólastjórinn hefur lengi haft það sem leiðarljós að gallarnir séu gullíð okkar og gagnrýninn talsmátinn. Við þurfum öll að læra að þau mistök sem við gerum eru tækifæri til að gera betur. Kannanir segja ekki sannleikann heldur gefa okkur vísbendingar um hvernig fólk finnst ástandið vera. Ef mörgum finnst að eitthvað sé ekki í lagi, þá eru líkur á að það sé ekki í lagi. Ef margir segja okkur að hlutirnir séu í góðu lagi, þá er líklegt að þeir séu í góðu lagi. Það er einmitt þannig upplýsingar sem við erum að fá og það eru þær sem gleðja okkur og styrkja í því góða verki sem við reynum að skila á hverjum degi hér í skólanum. Það er til dæmis sérstaklega ánægjulegt að sjá það að 72% foreldra eru mjög sammála því að þeir eigi gott samstarf um skólagöngu barns síns. Þá er mikilvægt að geta þess að svörun er nánast jöfn í gegnum allan skólann. Ef við bætum þeim við sem eru frekar sammála en þeir eru 21% þá eru 93%

foreldrar mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu. Það eru 88% mjög sammála þeirri fullyrðingu að foreldraviðtalið hafi gengið vel og 9% til viðbótar eru þeirri fullyrðingu frekar sammála en þetta gera 97%. Svona niðurstöður eru hvetjandi. Svörin við spurningunni um matinn eru hins vegar mjög dreifð og nokkrir skrifuðu ábendingar og athugasemdir sem verða teknar til athugunar. Einnig má segja það sama um Mentorinn sem er upplýsingakerfið okkar. Ef til vill þurfum við að kynna kerfið og möguleika þess betur. Það er mögulegt að skólinn í samvinnu við foreldrafélagið leiti til nettengdra foreldra með könnun undir vorið og yrðum afar þakklát að sem flestir sæju sér fært að taka þátt. Markmið okkar er alltaf hið sama; að gera betur á morgun en í gær.

Með kvæðju,  
Ásgeir Beinteinsson  
skólastjóri

### Starfsdagur – vetrarfrí dagana 21. - 23. febrúar.

Nemendur og foreldrar eru minntir á starfsdag og vetrarfrí í næstu viku. Miðvikudaginn 21. febrúar er starfsdagur kennara. Þann dag er árleg ráðstefna á vegum Menntasviðs Reykjavíkur, Kennarafélags Reykjavíkur og Skólastjórafélags Reykjavíkur. Ráðstefnan ber yfirskriftina Skóli á nýrri öld 2007 – Ólíkir nemendur – ólíkar leiðir. Meðal fyrirlesara, á málstofu um teymisvinnu kennara og kennslufyrirkomulag, eru Gunnar Börkur Jónasson og Hlín Helga Pálsdóttir kennara í Háteigsskóla.

Að starfsdegi loknum tekur við vetrarfrí, fimmtudag og föstudag 22.-23. febrúar.

Frístundaheimilið er opið allan starfsdaginn 21. febrúar en þar er lokað vetrarfrisdagana 22. og 23. febrúar.

### Um ritstjórnann Huldu K. Guðjónsdóttur

Ritstjóri fréttabréfsins er í nokkurra vikna veikindaleyfi og því ber fréttabréfið og heimasíðan þess nokkur merki. Það eru góðar fréttir af ritstjóra og gerum við ráð fyrir að hann komi aftur til starfa síðari hluta marsmánaðar. Við óskum ritstjóra innilega góðs bata og sendum hlýjar hugsanir.

## Aukin útlán á bókasafni

Í ár hafa útlán aukist umtalsvert á bókasafninu. Að sögn Hrannar bókasafnskennara lætur nærri að í ár hafi verið lánaðar helmingi fleiri bækur en í fyrra. Aukningin er nær öll meðal nemenda í 1. – 7. bekk. Minna er um að nemendur unglíngastígsins fái lánaðar bækur. Það er þó fastur kjarni úr unglíngabekkjnum sem kemur reglulega á safnið. Opnunartími safnsins er svipaður og verið hefur og skýringar því ekki að leita þar. Það sem hins vegar kanna að skýra aukin útlán er einkum tvennt: Annars vegar er það sem lýtur beint að starfsemi safnsins, þ.á.m. höfundakynningar á safninu og breyttar reglur og aðferðir í tengslum við útlán. Hins vegar hefur hvatning umsjónarkennara í tengslum við lestrarstundir í bekkjunum án efa haft mikið að segja.

Könnun meðal skóla af sambærilegri stærð í Reykjavík leiðir í ljós að hér fá nemendur lánaðar fleiri bækur af skólasafni.

## Skráning á póstlista á heimasíðu skólans.

Við bendum áhugasömum aðstandendum að skrá sig á póstlista skólans á heimasíðunni [www.hateigsskoli.is](http://www.hateigsskoli.is). Þá fá þeir tilkynningar sendar við hverja útgáfu fréttabréfsins og ef eitthvað sérstakt annað er að gerast.

## Saga af sólinni

Það var einn góðan veðurdag þegar sólin var hátt á lofti að það kom ský og sagði, „voðalega ertu feit í dag frú“. Þá fór sólin að gráta og skýið fór bara í burtu. Sólin var sorgmædd út af því að skýið sagði þetta. Þá datt henni í hug að hún gæti farið í megrun og hún fór í megrun og hún mjókkaði. Þá kom skýið aftur og sagði, „voðalega ertu orðin ljót. Þegar þú varst feit varstu miklu flottari“. Þá sagði sólin, „en þú sagðir í gær að ég færi feit“. „Já“, sagði skýið, „en það var bara í gríni“. „Þá er það allt í lagi“, sagði sólin. Sigurlaug Birna Guðmundsdóttir, 3. bekk

## Frosna vatnið

Eitt sinn um helgi vorum ég og fjölskylda mín að fara í sumarþústað. Við þökkum niður og það tók svona tvo klukkutíma. Síðan lögðum við af stað og ferðin tók um klukkutíma. Síðan komum við. Það var kalt og ég fór strax inn. En við vorum óheppin, vatnið var frosið. Við þurftum því miður að fara strax til baka vegna þess að það var ekkert gaman. Það tók um klukkutíma líka. Svo komumst við heim og höfðum það gott. Okkur fannst það svolítið myndi að þurfa að fara strax en annað var ekki hægt því að það var ekki hægt að vaska upp, sturta niður, fara í heita pottinn, né fara í sturtu.

Auður Garðarsdóttir, 5. bekk

## Spakmæli

### Fleira veit sá er fleira reynir.

Grettis saga

## Aðgangsorð að Mentor.is

Mentor.is er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Forráðamönnum nemenda í Háteigsskóla var veittur aðgangur að kerfinu í lok janúar 2006. Það heldur meðal annars utan um stundatöflur nemenda og ástundum. Mismunandi er eftir aldri nemenda hve miklar upplýsingar er þar að finna og mest vegna nemenda á mið- og unglíngastigi. Þeim forráðamönnum sem annað hvort hafa ekki fengið aðgangsorð eða hafa týnt því er bent á að þeir geta snúið til skrifstofu skólans og munu ritarar þá afhenda þeim notandanafn og lykilorð. Framvegis verður sá háttur hafður á að um leið og nemandi hefur nám við skólann verður forráðamönnum veittur aðgangur að kerfinu.

## Sígild ráð handa foreldrum

Áslaug Brynjólfssdóttir fyrrverandi skólastjóri og námsstjóri skrifaði árið 1998 um samstarf heimilis og skóla. Þar gefur hún foreldrum ráð og bendir á eftirfarandi þætti sem sé mikilvægt fyrir foreldra að hafa í huga:

- ✓ Spyrja sig: Hvernig get ég best tekið þátt í menntun barnsins míns?
- ✓ Lesa fyrir börn, hafa margskonar lestrarefni á boðstólum handa þeim og fara með þau á bókasafn.
- ✓ Hvetja barnið til að sækja skólann og brýna fyrir því að fjarvistir séu óheimilar.
- ✓ Hafa stjórn á því hvenær og hve lengi barnið horfir á sjónvarp.
- ✓ Sjá til þess að barnið hafi frið til að sinna heimaverkefnum sínum og veita því hjálp við heimavinnuna eða líta eftir að hún sé unnin daglega.
- ✓ Örvu börn til þátttöku í ýmiss konar tómsunda- og fræðandi störfum í lengri skólafríum.
- ✓ Hvetja börnin til að leggja að sér við námið.
- ✓ Hjálpa börnum til að velja viðeigandi námsgreinar þegar slíkt er í boði.
- ✓ Foreldrar missi ekki áhugann á foreldrasamstarfi þótt börnin séu komin á unglíngastigið.
- ✓ Vera ætíð í góðu og jákvæðu sambandi við kennara barnsins.
- ✓ Vera tilbúin til að taka þátt í sjálfboðastarfi í skólanum sé eftir því leitað.
- ✓ Taka þátt í tilraunum sem lúta að bættu skólastarfi og taka þátt í ýmsum nefndarstörfum sem verða til þess að bæta og endurskipuleggja skólastarfið.
- ✓

## Hundapössun

Þegar við áttum heima úti í Boston þá áttum við vin sem átti tvo hunda sem hétu Penelope og Auggie. Þegar við vorum að passa þá fór Penelope inn í stofu og pissaði á gólfið. Þabbi setti Penelope inn á klósett svo að hann gæti þrifið gólfið. Þegar hann var búinn þá fór hann inn á klósett. Vitið þið hvað? Penelope var búin að naga hálfu klósettsetuna.

Drífa Atladóttir, 4. bekk